



Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

## FORVARNARDAGURINN 28. SEPTEMBER 2006

Á morgun fimmtudaginn 28. september er *Forvarnardagurinn* haldinn í fyrsta skipti. Dagskrá helguð verkefninu verður í öllum 9. bekkjum grunnskóla landsins. Fjölmíðlar eru hvattir til að leggja forvarnarstarfi lið á þessum degi.

Í skipulagningu dagskrár, sem fer fram fyrir hádegi, taka þátt auk kennara og nemenda, fulltrúar íþrótta- og æskulýðshreyfinga sem kynna starfsemi sína og taka þátt í verkefnavinnu. Sýnt verður myndband þar sem fram koma auk unglunga, þjóðþekktir einstaklingar, sem flytja ungmennum boðskap, þrjú heillaráð sem duga vel til að verjast fíkniefnum. Heillaráðin, sem send hafa verið inn á öll heimili í landinu, eru:

- Verjum sem mestum tíma saman. Klukkutíma samvera foreldra og barna á hverjum degi getur ráðið úrslitum.
- Hvetjum börn og unglunga til þátttöku í skipulögðu íþrótta- og æskulýðsstarfi. Okkar stuðningur skiptir sköpum.
- Því lengur sem unglingar sniðganga áfengi því ólíklegra er að þeir ánetjist fíkniefnum. Hvert ár skiptir máli.

Unnið verður úr niðurstöðum á næstu vikum og þær birtar á heimasíðu verkefnisins: [www.forvarnardagur.is](http://www.forvarnardagur.is)

Forvarnardagurinn er haldinn að frumkvæði forseta Íslands í samstarfi við Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands, Ungmennafélag Íslands, Bandalag íslenskra skáta, Samband íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborg. Heillaráðin gegn fíkniefnum eru byggð á áratugalöngum rannsóknum fræðimanna við Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík á

hegðun unglunga og árangursríkum forvörnum. Átakið er stutt myndarlega af lyfjafyrirtækinu Actavis.



Nánari upplýsingar veita: Skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028), Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946), Elín Þ. Þorsteinsdóttir verkefnisstjóri (690 0350) og Þórólfur Þórlindsson prófessor (898 4319). Vefur verkefnisins er [www.forvarnardagur.is](http://www.forvarnardagur.is)